

Mánudaginn 19. desember 1988.

Nr. 116/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Svani Eli Eliassyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Manndráp. Málsvarnarlaun. Réttargæsluþóknun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu er áfrýjað af ákærvaldsins hálfu samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 175. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 með áfrýjunarstefnu 27. apríl 1988. Er þess krafist af ákærvaldsins hálfu að refsing ákærða verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi. Jafnframt verði ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.e. í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins og sér tildæmd hæfileg málsvarnarlaun, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Verði refsivist dæmd komi gæsluvarðhald ákærða til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi snúið eða hert hálsbindi að hálsi Jóhannesar Halldórs Péturssonar í átökum þeirra á milli og segir ákærði að átökunum hafi lyktað með því að Jóhannes Halldór lá meðvitundarlaus á gólfinu. Hvernig sem svokölluð rennilykkja á bindi Jóhannesar Halldórs varð til, er ljóst að bindið var fast hert að hálsi hans þegar komið var að honum látnum í herbergi ákærða. Er bindið var skorið frá kom í ljós 0,7 cm djúpt far á hálsinum, rétt ofan við barkakýli. Með hliðsjón af þessu og niðurstöðu krufningarskýrslu verður talið sannað í málinu að dánarorsök Jóhannesar Halldórs hafi verið köfnun af völdum ofangreinds atferlis ákærða. Gat ákærða ekki dulist að verknaður þessi myndi leiða til dauða og telst hann varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af álitsgerð Hannesar Péturssonar yfirlæknis um

geðheilbrigði ákærða er fallist á niðurstöðu héraðsdómara um sak-hæfi hans. Ölvun hans og áhrif lyfja leysa hann ekki undan refs-ingu, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er einn til frásagnar um það, sem gerðist milli þeirra Jóhannesar Halldórs. Eins og málavöxtum er hér háttað þykir var-hugavert að hafna því með öllu að hann hafi skynjað atburði svo sem hann hefur lýst og skýrt viðbrögð sín með. Hvað sem því líður verður hins vegar á engan hátt ráðið af ummerkjum, að Jóhannes Halldór hafi gefið honum tilefni til þeirrar hrottafengnu atlögu, sem hann varð fyrir af hálfu ákærða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 12 ár og skal gæsluvarðhald hans óslitið frá 8. nóvember 1987 koma til frádráttar refsivist hans.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, þó þannig að réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast 200.000,00 krónur. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunar-kostnaðar sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Svanur Elí Eliasson, sæti fangelsi 12 ár, en gæslu-varðhaldsvist hans óslitið frá 8. nóvember 1987 á að koma refsivist til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, þó þannig að réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast 200.000,00 krónur. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i hæstaréttardómaranna Benedikts Blöndal og Guðmundar Skaftasonar.

Við erum sammála forsendum í atkvæði Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara og Haralds Henryssonar setts hæstaréttardóm-ara og niðurstöðu þeirra um refsingu ákærða.

Við erum hins vegar ósammála niðurstöðu þeirra um laun skipaðs réttargæslumanns og verjanda ákærða í héraði, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, sem lagt hefur fyrir Hæstarétt skrár yfir tíma þann, er hann notaði til starfa síns. Skrár þessar eru sundurliðaðar og trúverðugar. Samkvæmt þeim fóru 62 klukkustundir til starfa hans sem réttargæslumanns og 53 stundir til verjandastarfans. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af c-lið 6. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands teljum við þóknun fyrir þessi störf hæfilega ákveðna 280.000,00 krónur, en samkvæmt 13. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur er hæstaréttarlögmönnum skylt að flytja þau opinber mál, sem þeim verða falin.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur forsendum dómsatkvæðis Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara og Haralds Henryssonar setts hæstaréttardómara en tel að staðfesta beri ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. apríl 1980.

Ár 1988, miðvikudaginn 20. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 238/1988: Ákærvaldið gegn Svani Elí Elíassyni, sem tekið var til dóms 30. f.m.

Málið er höfðað með ákæru rikissaksóknara, dagsettri 19. janúar sl., á hendur ákærða „Svani Elí Elíassyni verkamanni, Skipholti 40, Reykjavík, fæddum 16. janúar 1959 í Bolungarvík, fyrir manndráp með því að hafa síðla nætur aðfaranótt laugardagsins 7. nóvember 1987 í herbergi sínu að Skipholti 40 í Reykjavík svipt Jóhannes Halldór Pétursson, fæddan 14. september 1946, lífi þegar ákærði, eftir átök þeirra, herti hálsbindi mannsins með sérstaklega útbúinni rennilykkju að hálsi hans svo að hann kafnaði.

Telst ákærði með fyrrgreindum verknaði hafa gerst brotlegur samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir:

Laugardaginn 7. nóvember sl. kl. 18:00 hringdi ákærði í máli þessu á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins og óskaði eftir að rannsóknarlög-

reglumenn kæmu á heimili hans að Skipholti 40 hér í borg. Skýrði ákærði frá því að hann hefði „drepð mann“ og væri líkið í íbúðinni. Fóru lög-reglumenn úr Reykjavíkurlögreglu á vettvang. Er ákærði var inntur eftir hvað um væri að vera fengust engin svör frá honum önnur en þau að hann segði ekkert fyrr en rannsóknarlögreglumenn kæmu á vettvang. Var ákærði áberandi undir áhrifum áfengis og órólegur.

Rannsóknarlögreglumennirnir Bjarni Jóhann Bogason, Ragnar Vignir og Sigurbjörn Viðir Eggertsson fóru á vettvang af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Í herbergi á 2. hæð hússins fannst Jóhannes Halldór Pétursson, fæddur 14. september 1946, og var hann látinn.

Í skýrslu Sigurbjörns Viðis Eggertssonar um fyrstu afskipti rannsóknar-lögreglunnar af málinu segir m.a. svo:

Umrætt forstofuherbergi er á 2. hæð hússins. Gengið er inn í herbergið frá stigagangi þess. Inngangurinn í íbúð þá er forstofuherbergið tilheyrir er innar í stigaganginum til vinstri við herbergið. Hurð forstofuherbergisins opnast inn í herbergið, en það er í norð-vesturenda hússins. Við vegginn til hægri þegar komið er inn í herbergið eru hillur og lítil borðplata. Við norðurvegg undir glugga er skrifborð og út frá því annað borð. Við vestur-vegg gegnt dyrunum er svefnbekkur með hillum fyrir ofan. Við suðurvegg er annar svefnbekkur sem á er lak og koddí með koddaveri. Mikil óreiða er í herberginu og sóðaskapur. Hinn látni liggur á svefnbekknum gegnt dyr-unum. Sæng er yfir honum öllum. Hann liggur á vinstri hlið og er höfðuð sveigt niður að búknum (bringunni). Vinstri handleggur liggur út frá búkn-um, en hægri handleggur er krepptur. Vinstri fótur er krepptur að búknum, en hægri fótur lítillaga krepptur um hné ofan á vinstra fæti. Hinn látni er klæddur í ljósa skyrtu og er hún dregin upp undir handarkrika að aftan og laus frá buxnastréng að framan. Hann er klæddur gráum buxum sem eru hnepttar á streng um mittið og leðurbelti fast girt. Talsvert blóð er á skyrtu hans á vinstra brjósti og öxl. Þegar líkinu er velt á bakið er það alstirðnað og samfelld „rauð blóðhella“ (líkblettur) á vinstri hlið þess, bæði að aftan og framan. Fyrir ofan hægri augabrún er skurður sem nokkuð hefur blætt úr. Þá hefur einnig blætt úr nös. Höfuðið er bláleitt og um háls líksins er hert hálsbindi. Á bindinu eru tveir hnútar, þ.e. venjulegur bindishnútur og er hann nokkru neðar og mjög hertur. Fyrir ofan hann er annars konar hnútur mjög hertur fast upp við háls líksins. Svipar þeim hnút til færiykkju. Á vettvang kom Ísleifur Halldórsson aðstoðarborgar-læknir og úrskurðaði hann andlátið. Hann mældi líkamshita hins látna með endaparmsmæli og reyndist hitinn vera 31° á Celsius. Þá kom einnig á vett-vang Jónas Hallgrímsson réttarlæknir.

Ákærði var færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu 113. Honum var tekið blóðsýni til alkóhól- og lyfjarannsóknar kl. 18:50 á Slysadeild

Borgarspítalans. Þá lét hann þvagsýni í té í sama skyni kl. 22:45 um kvöldið.

Ítarleg vettvangsrannsókn fór fram að Skipholti 40 af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Einnig voru teknar ljósmyndir af vettvangi, hinum látna, fatnaði ákærða og hins látna og gerðar afstöðu-, grunn- og skýringarteikningar af íbúð þeirri sem hinn látni fannst í. Verður nú gerð grein fyrir rannsókn þessari.

Í skýrslu Bjarna Jóhanns Bogasonar rannsóknarlögreglumanns segir m.a. svo um skoðun í herbergi ákærða:

Á svefnbekknum er mannslik, að mestu hulið bláröndóttri sæng. Vinstri fótur og vinstri hönd standa þó út undan sænginni. Hinn látni liggur á vinstri hlið. Höfuð snýr til suðurs. Til fóta eru tvennar gallabuxur. Þegar sænginni hefur verið lyft frá sést að hinn látni liggur í óeðlilegri stöðu. Skyrtta sem hinn látni er íklæddur er öll upp úr girt og dregin upp undir handarkrika. Útlit skyrtunnar bendir til þess að hinn látni hafi verið færður til, lyft eða hann dreginn til. Við vinstri hönd er blátt handklæði. Undir því er hvít tala. Vinstri handleggur liggur beinn út frá bóknum um það bil 45 gráður miðað við hugsaða línu á bók. Hægri handleggur er krepptur, upphandleggurinn frá bóknum í um það bil 45 gráður miðað við hugsaða línu á bók og framhandleggurinn beygður inn að maga. Vinstri fótur er krepptur, en hægri fótur er ofan á þeim vinstri, minna krepptur. Hinn látni er einnig í gráum buxum, aðhnepptum, uppgirtum, með hertu belti, lokaðri buxnaklauf og gráum sokkum. Líkið er stirt. Blárauðir líkblettir, samfelldir, eru á vinstri hlið og á neðri flötum útlima, þ.e. flötum sem snúa niður. Það vekur athygli, þegar höfuð er skoðað, að blóðtaumur, storknaður, liggur á höfði frá enni aftur á hnakka hægra megin. Til þess að slíkur blóðtaumur myndist á þessum stað þarf sár að vera á enni og höfuð að liggja á hnakka og blóðið að renna frá enni á hnakka eða sár á hnakka og höfuð að liggja á enni og blóðið að renna frá hnakka að enni. Einnig er blóðtaumur yfir enni til vinstri. Á svefnbekknum, 40 cm frá vinstri skammhlið, þegar staðið er framan við svefnbekkinn, þeim megin sem höfuð er, er blóðblettur sem mælist 20 cm langur og 10 cm breiður. Á gólfi þar fyrir neðan er einnig blóð. Þegar hinum látna var snúið við kom í ljós að hálsbindi var fast hert um háls honum. Enginn skurður eða sár var á hnakka en lítill skurður á hægri augnbrún. Þá kom einnig í ljós að blætt hafði úr vinstri nös. Þegar augu voru opnuð komu í ljós punktblæðingar í augum. Svonefndar punktblæðingar munu vera köfnunareinkenni.

Við suðurvegg er annar svefnbekkur og er skammhlið hans við austurvegg, dyravegg. Á svefnbekknum, við skammhlið næst fatahrúgunni á gólfinu, er brúnn leðurjakki. Í leðurjakkanum eru lyklar á kippu og hraðbankakort Búnaðarbanka Íslands, útgefið á Halldór Pétursson. Á bekknum

er blátt lak og við hina skammhliðina eru koddar. Við bekkinn er svört skjalataska og kollur. Á gólfinu fyrir innan dyrnar er töflumulningur og lyfjaglas, mechloral 800 mg, 50 tbl. Innihald: 4 töflur. Töflumulningur á gólfi virðist vera úr þessu glasi.

Ákærði var skoðaður í fangageymslu lögreglunnar að Hverfisgötu 113 laust eftir kl. 21:15 að kvöldi hins 7. nóvember sl. Samkvæmt skýrslu Bjarna Jóhanns Bogasonar rannsóknarlögreglumanns virtist ákærði, sem lá á svefnbekk í fangaklefa, ekki geta risið á fætur óstuddur. Var hann undir greinilegum áhrifum áfengis og/eða lyfja, þvöglumæltur, fökur, vot-eygður og jafnvægi mjög óstöðugt. Ákærði neitaði að ljósmynd yrði tekin af honum. Hann var klæddur í stuttermá bol, bláar gallabuxur, sokka og nærbuxur. Við athugun á þessum fatnaði ákærða fundust engin merki um átök eða blóð.

Hinn 9. nóvember sl. var lík Jóhannesar Halldórs Péturssonar skoðað af rannsóknarlögreglunni í líkhúsi Rannsóknastofu Háskólans. Í skýrslu um þá skoðun segir m.a.:

Líkið er af karlmanni og mælist 175 cm. Það er klætt gráum sokkum, gráum buxum, nærbuxum og skyrtu. Um háls er hálsbindi, fast hert, að hluta til um skyrtu, þannig að ekki er unnt að setja finger milli bindis og háls. Blóð er á höfði og hefur blætt úr skurði sem er á augnbrún hægra megin. Einnig er blóð á nefi. Þegar litið er í munn á líkinu kemur í ljós að tunga er samanbitin. Á höku er húðrispa, um það bil 3,5 cm að lengd, sem vísar niður vinstra megin. Á vinstri handlegg, um 9 cm frá olnboga, er húðrispa, 6 cm að lengd, með um það bil 45 gráðu halla miðað við hugsaða miðjúlínu handlegs.

Um háls er fast hert hálsbindi, rautt að lit. Við skoðun virðist vera um rennilykkju að ræða sem er fast upp við hálsinn, vinstra megin á hálsinum, um það bil 5 cm frá hugsaðri miðjúlínu andlits. Frá hnútnum, rennilykkjunni, eru tveir endar sem sameinast í fast hertan bindishnútt. Endarnir mælast 25 cm. Aðrir endar eru ekki út úr bindishnútnum. Þegar við klipptum á hálsbindið kom í ljós djúp rák eftir bindið.

Skyrtan er hneppt með annarri og fimmtu tölu, talið ofan frá.

Við rannsókn málsins kom fram að breiðari hluti hálsbindis Jóhannesar Halldórs hafði verið hlutaður frá fyrir neðan bindishnútin og lá sá hluti á miðju herbergisgólfi ákærða.

Sama dag var fatnaður hins látna rannsakaður og segir m.a. svo í skýrslu rannsóknarlögreglunnar um þá skoðun:

Buxurnar eru blettóttar á vinstri skálm, 15 cm breiður flekkur, 30 cm að lengd, 53 cm frá streng, þ.e. svæðið um hné. Neðarlega á fyrrnefndum flekk, eða 25 cm frá faldi skálmur, eru hvítir duftblettir.

Á vinstri skálm að framan eru tveir blóðblettir um 1 cm í þvermál með

2 cm millibili á miðri skálm. 4 cm þar fyrir neðan, vinstra megin á skálm-inni, eru blóðflekki, óreglulegir að lögun, á 6 cm kafla. Blóðkám er á aftanverðri skálminni á 7 cm kafla, 37 cm frá streng og 10 cm frá saumi innanfótar; 2 cm langur blettur, 1 cm í þvermál, 3,5 cm frá saumi á utanverðri skálm, 8 cm frá faldi skálmar.

Á hægri skálm að framan er blóðblettur 45 cm frá streng, 7,5 cm frá saumi innanfótar, 10 x 14 cm að stærð. 2 blettir eru neðar á framanverðri skálminni, annar 15,5 cm frá faldi skálmar, 6 cm langur, óreglulegur, breiðastur 20 mm, 3,5 cm frá miðri skálm út á við. Hinn er 18 cm frá faldi, 3 x 9 mm að stærð, 2 cm frá miðri skálm inn á við. Ekkert sérstakt athugavert er við hægri skálm að aftan.

Blóðblettur er á vinstri sokk á rist, og á hælstykki er blóðkám á 6 cm löngu svæði.

Gulleitur blær er á nærbuxum að framanverðu, líklega þvag.

Þá var fatnaður ákærða einnig rannsakaður sama dag. Ekkert sérstakt athugavert var við bol ákærða. Stórir blóðblettir fundust hins vegar á framanverðri vinstri skálm bómullargallabuxna hans.

Jakki ákærða var sérstaklega rannsakaður hinn 8. desember sl. Í skýrslu um þá rannsókn kemur fram að saumsprettur eru í handarkrikum jakkans báðum megin, 11 cm að lengd hægra megin og 5 cm vinstra megin. Á hettu sem er á jakkanum er 4 cm saumspretta hægra megin að aftan. Á aftanverðri hægri ermi eru fjórir blóðblettir. Einnig eru tveir blóðblettir á aftanverðri vinstri ermi. Þá er blóðblettur hægra megin á jakkanum, 15 cm frá streng.

Við leit í herbergi ákærða fundust þessi lyf: mechloral, nozinan diazepam, mogadon, librax, anafranil, tolvon, tenormin, anervan, trilafon, ludiomil, panodil, duspatalin, zantac, surmontil, gaviscon og koffazon. Lagði rannsóknarlögreglan hald á samtals 1783 töflur af þessum lyfjum.

Þórarinn Gíslason fangelsislæknir skoðaði ákærða hinn 8. nóvember sl. Í skýrslu hans kemur m.a. fram, að ákærði hafi við skoðunina verið fremur feitlaginn, 104 kg. Ákærði var samvinnuþýður og ekki veikindalegur. Var hann mjög leiður og spenntur, en engin psykotísk einkenni komu fram. Ákærði var ekki haldinn neinum ofskynjunum og áttaður á stað og stund. Engin merki voru um áverka á ákærða eða að hann væri haldinn bráðum geðsjúkdómi.

Með bréfi Rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsettu 18. nóvember 1987, var þess farið á leit við Rannsóknastofu Háskóla Íslands að rannsakað yrði alkóhólinnihald blóðsýnis þess og þvagsýnis sem ákærða voru tekin hinn 7. nóvember sl. Einnig var þess óskað að framkvæmd yrði svokölluð allsherjarlyfjaleit í sýnunum.

Í niðurstöðu matsgerðar prófessors Þorkels Jóhannessonar, forstöðumanns Rannsóknastofunnar, dagsettri 11. desember 1987, segir svo:

„Magn etanóls í blóði var 2,56‰ og í þvagi 2,79‰. Barbitúrsýrusambönd, benzódíazepínsambönd eða geðdeyfðarlyf voru ekki í mælanlegu magni í blóðinu. Tríklóretanól (umbrotsefni úr klóráli (Mechloral (R)) var hvorki í mælanlegu magni í blóði né þvagi. Amfetamín, kannabínóíðar eða benzóýlekgónín (umbrotsefni úr kókaíni) voru ekki í mælanlegu magni í þvagi. Í þvaginu urðu heldur ekki greind fentíazínsambönd.

Maðurinn sem sýnið var tekið úr hefur þannig neytt áfengis og verið ölvaður en ekki tekið aðra vímuefna stuttu áður en sýni var tekið.“

Rannsókn þessi var endurtekin samkvæmt beiðni ríkissaksóknara í bréfi, dagsettu 3. febrúar sl. Matsgerð prófessors Þorkels Jóhannessonar, dagsett 24. febrúar sl., er svohljóðandi að inngangi slepptum:

„Magn etanóls í blóði var í fyrra skiptið 2,56‰ og 2,79‰ í þvagi. Í seinna skiptið var magn etanóls í blóði 2,51‰ og einnig 2,51‰ í þvagi. Í fyrra skiptið var magn díazepams í blóði 510 ng/ml og magn nordíazepams, umbrotsefnis þess, var 610 ng/ml. Í síðara skiptið var magn díazepams 470 ng/ml og magn nordíazepams 530 ng/ml.

Samanburður á niðurstöðutölum etanólákvarðana í blóði í fyrra og seinna skiptið leiðir í ljós, að báðar niðurstöðutölur eru langt innan vikmarka aðferðarinnar ($\pm 10\%$). Í seinna skiptið var magn etanóls í þvagi um það bil 10% minna en í fyrra skiptið. Engar einhlítar rannsóknir hafa verið gerðar á endingu þvagsýna með tilliti til etanólákvarðana, en vitað er að magn etanóls í þvagi minnkar í geymslu mun hraðar en í blóði. Vitað er að benzódíazepínsambönd eru óstöðugri í blóðsýnum í geymslu en etanól. Sú 10 - 15% minnkun á þéttni díazepams og nordíazepams sem orðið hefur milli ákvarðana er nær örugglega til þessa að rekja.“

Samkvæmt skýringu prófessorsins kom magn díazepams og nordíazepams ekki fram í fyrri matsgerðinni vegna mistaka í réttarefnafræðideild Rannsóknastofunnar. Samkvæmt vætti hans fyrir dómi svarar það magn díazepams og nordíazepams, sem fannst í greindum blóð- og þvagsýnum, til mjög stórra lækningalegra skammta.

Samkvæmt niðurstöðu réttarefnafræðilegrar rannsóknar á blóð- og þvagsýni úr hinum látna, sem Rannsóknastofa Háskólans annaðist, reyndist magn etanóls í blóði 2,37‰ og 3,14‰ í þvagi. Við lyfjarannsókn fannst efnið trikloretanól, sem er hið virka umbrotsefni klórals. Reyndist magnið af trikloretanóli í heila 27 mikrog/g, í blóði 21 mikrog/ml, í lifur 25 mikrog/g og í þvagi 8 mikrog/ml.

Í niðurstöðunni segir síðan svo:

„Tríkloretanól er virkt umbrotsefni klórals, en það er vel þekkt svefnlyf. Magn þess í vefjum var öllu minna en búast má við við banvænar

klóraleitranir. Maðurinn var hins vegar mjög ölvaður. Hann gæti því hafa látist úr samverkandi eitrun af völdum klórala og etanóls.“

Lík hins látna var krufið í Rannsóknastofu Háskólans af Gunnlaugi Geirssyni, prófessor í réttarlæknisfræði. Í skýrslu hans um krufninguna segir m.a. svo:

Líkið er af roskeum manni í meðalholdum, hæð 175 cm. Um háls líksins er rautt bindi eða renningur fast herptur að og situr hnúturinn rétt vinstra megin við barkakýlið, en bandið markar djúpt far á hálsinum, rétt ofan við barkakýlið. Skorin, sem þannig myndast, er 0,6 cm á breidd og eru áverkamerki á svæðinu umhverfis hnútinn. Þannig eru grunn hrúfl og risp-ur á 6 cm svæði í næsta nágreanni hnútsins. Bandið hefur markað djúpt far um allan hringferil hálsins, sem mælist 0,7 cm á dýpt. Hörundið ofan við rákina er bláfjólublátt og er andlitið þrútið. Blóð hefur runnið úr vinstri nös og einnig er höggvið sár, 1,7 cm á lengd, ofan við hægri augabrún, 2 cm til hægri við miðlinu, og vísar sárið í 45° upp á við og hliðlægt. Mar er á u.þ.b. 6 x 6 cm svæði ofan við hægri augabrún og mar er á nefinu. Blóðstorka er umhverfis sárið yfir hægri augabrún og liggur blóðtaum-ur yfir á hægri gagnauga og aftur á hnakkann. Lítillsháttar blóð er á vinstri eyrnasnepli. 4 cm löng rispa er undir höku. 6 cm rispa er á vinstri fram-handlegg. Lítillsháttar skrámur eru á hægri handarbaki. Hárið er grátt, úfið með blóðkleprum. Augun eru brostin, sjáöldur eru jafnvið, 0,2 cm í þver-mál. Augnhvítan er með mjög áberandi æðateikningu á smáblæðingum. Tennurnar eru saman bitnar og tungan klemmd á milli. Líkið er alstirt, líkblettir mest áberandi á bringu.

Ályktun prófessorsins er svohljóðandi:

„Samkvæmt upplýsingum Rannsóknarlögreglu ríkisins og því sem fannst við krufningu þykir ljóst að maðurinn hafi verið kyrktur. Dánarorsök hefur verið köfnun.“

Maðurinn var undir miklum áfengisáhrifum er hann lést og sömuleiðis hafði hann tekið inn svefnlyfið kloral og voru samverkandi áhrif þess svo mikil að þau hefðu getað valdið dauða hans.

Áverkar voru á höfði mannsins en þeir voru ekki slíkir að vera meðverk-andi í dauða.“

Kl. 04.32 umrædda nótt var lögreglan í Reykjavík kvödd að Skipholti 40 vegna kvörtunar um háværa tónlist sem bærist frá íbúð í húsinu. Er lögreglan kom á vettvang heyrðist glymjandi frá hljómf lutningstækjum út á götu. Er lögreglumenn gengu að húsinu var skyndilega skrúfað alveg nið-ur í tækjunum. Reyndu lögreglumenn að opna útihurð hússins en hún var læst. Er þeir höfðu beðið nokkra stund til að athuga hvort tónlist heyrðist aftur kom maður út í glugga á íbúð á 2. hæð sem ljós logaði í. Var maður þessi áberandi ölvaður og úfinn um höfuðið. Samkvæmt vætti Hans

Markúsar Hafsteinssonar lögreglumanns, sem gerði lögregluskýrslu um málið, var hér um ákærða í máli þessu að ræða. Var ákærði spurður hvort hann ætlaði ekki að fara að sofa og játti hann því. Fóru lögreglumenn af vettvangi við svo búið.

Vitnið Reynir Lárusson, eigandi íbúðar þeirrar á 2. hæð hússins nr. 40 við Skipholt hér í borg sem ákærði hafði herbergi á leigu í, kvaðst hafa leigt ákærða herbergið hinn 8. ágúst sl. Kvað vitnið ákærða hafa verið í herberginu frá þeim tíma að undanskildum 5 vikum er hann var í „meðferð á Vog“¹. Vitnið kvað nokkra óreglu hafa verið á ákærða þann tíma sem hann hefði búið í herberginu. Hefði ákærði „dottið í það“ föstudaginn 30. október sl. og verið „á fyllir“² síðan. Vitnið kvað ákærða hafa verið að dreypa á áfengi að kvöldi föstudagsins 6. nóvember með syni vitnisins, Hjalta að nafni. Kvað vitnið ákærða hafa farið út að skemmta sér um kl. 21:00 um kvöldið og hefði hann þá verið litilsháttar ölvaður og í góðu skapi. Vitnið fór að sofa um kl. 01:00 um nóttina og svaf sleitulaust til kl. 07:30 um morguninn. Um kl. 08:30 varð vitnið vart við ákærða er hann sótti vatn í öflösku fram á bað. Spurði ákærði þá vitnið hvort mikill hávaði hefði verið hjá sér um nóttina. Varð vitnið fyrst svolítið undrandi á þessari spurningu þar sem ákærði var ekki vanur að hafa áhyggjur af slíku, en svaraði henni svo neitandi. Laust eftir hádegi sama dag, er ákærði sat við spil með fyrrnefndum Hjalta, tók vitnið í hurðina að herbergi ákærða þar sem vitninu fannst skrítið hve lengi ákærði var inni í íbúð vitnisins. Var hurðin læst og kom ákærði alveg á hæla vitnisins og sagði: „Hann er sofandi, það er maður inni hjá mér.“ Um kl. 17.30 vildi ákærði fá að hringja í lögfræðing sinn, en vitnið þvertók fyrir það og sagði ákærða að hann ætti ekki að vera með neitt rugl við lögfræðinginn þegar hann væri „á fyllir“³. Vildi ákærði þá fá að hringja í móður sína og sá vitnið ekki ástæðu til að meina honum það. Er ákærði hafði talað við móður sína bað hann vitnið aftur um að fá að hringja í lögfræðinginn, en vitnið leyfði honum það ekki. Sagði ákærði þá vitninu frá því að hann hefði lent í átökum við mann og væri sá maður látinn inni í herbergi sínu. Vitnið trúði ákærða ekki og sagði honum að hann mætti hringja í lögfræðinginn ef vitnið mætti lita áður inn í herbergi ákærða. Féllst ákærði á það. Fór vitnið inn í herbergið og sá mann liggja á sófanum sem er beint á móti hurðinni. Var sæng breidd yfir hann allan. Tók vitnið í hönd mannsins og fann að hann var iskaldur. Fóru vitnið og ákærði að því búnu út úr herberginu án þess að snerta nokkurn hlut þar inni. Skýrði ákærði nú vitninu frá því sem gerst hafði. Kvaðst ákærði hafa hitt manninn á skemmtistaðnum Skálafelli og þeir farið þaðan fyrst í Ölver í Glæsibæ og síðan í Hollywood. Hefðu þeir komið heim til ákærða um nóttina og setið að drykkju í herbergi ákærða og verið að tefla. Er komið hefði verið fram undir morgun og þeir

verið farnir að sofa hefði maðurinn farið að leita á ákærða en ákærði sagð honum að hann væri ekki fyrir samkynmök. Hefði þetta endað með því að ákærði hefði lamið manninn, þar sem hann vildi ekki hætta, og síðan breitt yfir hann sængina. Eftir þetta leyfði vitnið ákærða að hringja í lögfræðinginn sinn. Hlustaði vitnið á samtalið sem var allt á sama hátt og samtál þess og ákærða. Í framhaldi af samtali þessu hringdi ákærði í rannsóknarlögregluna. Kom lögreglan stuttu síðar og handtók ákærða.

Vitnið Svavar Örn Höskuldsson, Skipholt 40, íbúi í herbergi í sömu íbúð og ákærði hafði herbergi í, kom í umrædda íbúð um kl. 21:30 að kvöldi föstudagsins 6. nóvember sl. Voru þar þá þeir Reynir Lárusson og Hjalti sonur hans en eigi ákærði. Fór vitnið að sofa um kl. 22:00. Svaf það mjög vel um nóttina og vaknaði um kl. 07:15. Heyrði vitnið engan hávaða um nóttina. Vitnið fór út um morguninn og kom aftur um kl. 09:30. Voru ákærði og Hjalti þá inni í stofu og minnti vitnið að þeir hefðu verið að tefla. Fór vitnið aftur út en kom aftur í Skipholt 40 laust fyrir kl. 17:00 en stoppaði stutta stund. Tók vitnið ekki eftir neinu óeðlilegu í fari ákærða þennan dag og ræddi ekkert við hann.

Vitnið Hjalti Reynisson, Skipholt 40, kvaðst að kvöldi föstudagsins 6. nóvember sl. hafa verið að tefla við ákærða og hlusta á hljómplötur með honum í herbergi hans í íbúð þeirri sem vitnið býr í með föður sínum að Skipholt 40. Jafnframt neyttu vitnið og ákærði áfengis. Laust eftir kl. 21:00 um kvöldið ákvað vitnið að fara að sofa og sofnaði það skömmu síðar. Vitnið svaf vært alla nóttina og vaknaði aftur um kl. 08:00 um morguninn. Um kl. 16:00 bauð ákærði vitninu í glas í stofu íbúðarinnar. Færðu þeir sig inn í herbergi vitnisins um kl. 17:00. Sagði ákærði vitninu að maður svæfi inni í herbergi hans en ræddi það ekkert nánar. Vitnið fór út í sjoppu fyrir ákærða og fór síðan aftur út. Er vitnið kom heim aftur einhvern tíma milli kl. 18:00 og 19:00 sá það að lögreglubífið stóð fyrir utan húsið.

Vitnið Jón Árni Einarsson leigubífreidarstjóri kvaðst hafa ekið að veitingahúsinu Ölveri með farþega og komið þangað um kl. 02:50 umrædda nótt. Kom ákærði við annan mann að bifreiðinni eftir að farþegarnir voru farnir úr henni og voru þeir báðir talsvert ölvaðir að mati vitnisins. Bað ákærði um að ekið yrði í Skipholt 40, en er þangað var komið vildi gesturinn ekki fara inn strax. Kvaðst hann ekki vera með seðlaveski sitt og bað um að sér yrði ekið í Efstasund 74 til að ná í tékkhefti sitt. Ók vitnið að Efstasundi 74 þar sem gesturinn fór inn í kjallaraíbúð hússins og dvaldi þar í um 10 mínútur uns hann kom aftur í leigubífið. Voru ákærði og gesturinn eitthvað að munnhöggvast í bifreiðinni á leiðinni í Skipholt 40 og voru eitthvað ósammála. Er komið var að Skipholt 40 greiddi gesturinn ökugjaldið með reiðufé og fór síðan með ákærða að húsinu.

Ákærði var fyrst yfirheyrður af Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 8.

nóvember sl. Skýrði ákærði þá svo frá að hann hefði lent „á fyllirni“ að kvöldi föstudagsins 30. október sl. og hefði hann, samhliða áfengisdrykkjunni, neytt ýmissa lyfja, svo sem mogadons, díazepams, librax og anervans, og sú neysla engan veginn verið í samræmi við læknisráð. Að kvöldi föstudagsins 6. nóvember sl. kvaðst ákærði hafa verið við drykkjuna á heimili sínu að Skipholti 40 og þaðan hefði hann farið í veitingahúsin Skálafell og Ölver. Kvaðst ákærði hafa hitt mann á öðrum hvorum staðnum laust fyrir kl. 03:00 um nóttina og hefðu þeir byrjað að ræða um skák og fleira. Kvaðst ákærði hafa átt 2-3 flöskur af brennivíni heima hjá sér og boðið manninum þangað upp á drykk og að tala saman. Er þangað hefði verið komið hefðu þeir sest niður í herbergi ákærða og hlustað á tónlist og spjallað saman. Eftir um 2-4 klukkustundir hefðu þeir orðið sundurorða, en ekki kvaðst ákærði muna hvað þá greindi á um, og upp úr því hefðu þeir lent í áflogum.

Er hér var komið yfirheyrslu var gert hlé á henni að beiðni réttargæslumanns ákærða sem óskaði eftir einslegu viðtali við ákærða. Var orðið við þeirri bön réttargæslumannsins.

Að því loknu skýrði ákærði svo frá að er hann og ókunni maðurinn hefðu setið við drykkju um hríð hefðu þeir lagst til svefns. Hefði ákærði lagst í rúm sitt gegnt gluggavegg en maðurinn á legubekk gegnt dyrum. Hefðu þeir báðir verið fullklæddir. Er ákærði hefði verið í „svefnrof-unum“ hefði hann orðið þess var að maðurinn hefði verið lagstur við hliðina á sér og verið farinn að þukla sig. Kvaðst ákærði hafa orðið „alveg brjálaður“ og spyrnt manninum út á gólfið. Hefði ákærði síðan alveg „tapað sér“ og litið muna hvað gerðist eftir þetta, en kvað þá hafa legið í gólfinu í átökunum sem endað hefðu með því að maðurinn hefði legið hreyfingarlaus og að því er ákærða virtist meðvitundarlaus. Ákærði kvaðst muna að hann hefði notað hálsbindi mannsins og hert það að hálsi hans í því skyni að svæfa hann og kvaðst ákærði búast við því að hann hefði hengt manninn með því. Ákærði kannaðist við að hafa rætt við lögreglumenn út um glugga umrædda nótt vegna kvörtunar um hávaða, en gerði sér ekki grein fyrir hvort það var fyrir eða eftir að til átakanna hefði komið.

Ákærði kom fyrir dóm sama dag vegna kröfu um gæsluvarðhald yfir honum. Viðurkenndi ákærði að hafa notað hálsbindi mannsins til að herða að hálsi hans uns maðurinn hefði legið hreyfingarlaus.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 30. nóvember sl. skýrði ákærði nánar frá atvikum. Kvað ákærði Jóhannes Halldór heitinn hafa verið mjög ólvaðan er ákærði hitti hann í Ölveri, og hefði hann einnig þegið róandi lyf hjá ákærða eftir að heim til ákærða var komið, en hve mikið gat ákærði ekki sagt til um. Ákærði lýsti hinni kynferðislegu áreitni

Jóhannesar Halldórs nánar á þá leið að hann hefði þreifað með hendinni á maga og kynfærum ákærða, utanklæða. Hefði ákærði ekki verið í nokkrum vafa um að um kynferðislega áreitni hefði verið að ræða. Jóhannes Halldór hefði ekkert sagt og ekki reynt að kyssa ákærða. Við þetta hefði eins og sloknað á peru hjá ákærða. Hann hefði tryllst og misst stjórn á gjörðum sínum. Kvaðst ákærði lítið muna um framhaldið, en það sem hann myndi væri eins og í óljósum draumi. Kvaðst ákærði hafa hrundið Jóhannesi Halldóri fram úr rúminu og þeir lent í átökum liggjandi á gólfinu. Hefðu átökin verið með þeim hætti að þeir hefðu tekið í fót hvor annars, en engin hnefahögg eða kylingar hefðu átt sér stað. Hefði ákærði „af tilviljun“ tekið í hálsbindi Jóhannesar Halldórs og „hugkvæmst“ að svæfa hann og hert hálsbindið að hálsi hans í þessu skyni með miklu afli. Er ákærði hefði orðið þess var að Jóhannes Halldór hreyfði sig ekki lengur, kvaðst ákærði hafa hætt að herða bindið að hálsi hans og sleppt því. Hefði þá verið eins og ljós hefði kviknað á perunni hjá sér og hann staðið upp af gólfinu og sest á rúmið sem hann hafði áður legið í. Hefði hann fengið sér lyf og áfengi en lagt Jóhannes Halldór upp í rúm eftir stutta stund. Eftir það kvaðst ákærði ekki hafa hreyft við Jóhannesi Halldóri. Að því loknu kvaðst ákærði hafa lagst til svefns en ekki sofið lengi og er hann vaknaði hefði honum fundist sem sig hefði dreymt vandan draum, en fyllst skelfingu er hann hefði séð að Jóhannes Halldór lá í sömu stellingum og hann var í um nóttina er ákærði sofnaði. Kvaðst ákærði hafa þreifað á honum og fundið að hann var kaldur. Hefði þá gripið sig ofsahræðsla og hann farið að neyta áfengis og lyfja.

Ákærði skýrði frá mjög á sama veg við meðferð málsins að öðru leyti en því að ákærði kvaðst hafa í átökum þeim sem hann kveður hafa átt sér stað milli hans og Jóhannesar Halldórs tekið um hálsbindi hins síðarnefnda og snúið upp á það en ekki hert, en kvað þetta atriði þó vera í mikilli þoku hjá sér. Er ákærði var inntur eftir því af hverju hann hefði ekki hringt á lögreglu eftir að hann hefði orðið fyrir slíkri kynferðislegri áreitni sem hann hefur greint frá og brugðist við með þeim hætti sem að framan er rakið kvaðst hann hafa verið í svo miklu uppnámi og svo ruglaður að hann hefði ekkert hugsað.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins neitað að hafa bundið rennilykkju þá sem hert var að hálsi Jóhannesar Halldórs, en eigi kunnað neina skýringu á hvernig hún varð til. Þá hefur ákærði enga skýringu getað gefið á áverkum á höfði Jóhannesar Halldórs og blóðdropum þeim sem fundust á sokk hans á móts við rist svo og á hælstykki sokksins. Enn fremur hefur ákærði enga skýringu kunnað á því að búið var að hluta breiðari hluta hálsbindis Jóhannesar Halldórs fyrir neðan bindishnútin frá þeim mjórri. Ákærði hefur þó borið að enginn hafi komið inn í herbergið

frá því að þeir Jóhannes Halldór fóru þar inn umrædda nótt þar til Reynir Lárusson fékk að fara þar inn um kl. 17:30 sama dag.

Er ákærði hefur verið inntur eftir því hvað hann ætti við er hann talaði um að hann hafi ætlað að svæfa Jóhannes Halldór með því að herða hálsbindið að hálsi hans, hefur ákærði borið að hann hafi séð slíkt gert til sjós við menn sem hafi orðið óðir. Hafi þetta verið framkvæmt þannig að sá sem svæfði manninn hefði staðið fyrir aftan hann og tekið manninn hálstaki með því að setja handlegginn utan um hálsinn og herða að þar til maðurinn missti tímabundið meðvitund. Hefur ákærði ekki getað skýrt af hverju hann hafi ekki beitt þessari aðferð, heldur hert hálsbindið að hálsi Jóhannesar Halldórs.

Ákærði hefur greint frá því að er hann hafi verið 6-9 ára gamall hafi hann orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu fullorðins manns sem hafi haft þær afleiðingar að kynlíf hans hefði orðið honum allt að því ógeðfellt. Hafi ákærði óttast á tímabili að hann væri „hommi“ en þó verið viss um að svo væri ekki.

Vitnið Petrea Emanúelsdóttir, Keilugranda 6, Reykjavík, kvaðst hafa verið í ástarsambandi við ákærða fyrir um 3-4 árum. Hefði það staðið stutt eða í um 2 mánuði. Minntist vitnið þess að ákærði hefði sagt frá því að er hann hefði verið 8-9 ára hefði fullorðinn maður notað hann kynferðislega. Hefði ákærði orðið hræddur við þennan mann og ekki þorað að skýra frá þessu. Kvað vitnið ákærða hafa skýrt sér frá því að maður þessi hefði notað hann margsinnis á þennan hátt. Hefði ákærði sagt sér að hann hefði á tímabili óttast að hann væri „hommi“, en komist síðar að því að sá ótti hefði reynst ástæðulaus. Hins vegar hefði ákærði talið sig hafa liðið fyrir þetta alla ævi.

Vitnið Halldór Gíslason, Bugðutanga 1, Mosfellsbæ, kvaðst hafa þekkt Jóhannes Halldór heitinn í 20 ár og þeir verið nánir vinir. Kvað vitnið með öllu útilokað að Jóhannes Halldór hefði getað sýnt af sér samkynhneigð. Hefði hann í raun verið mikið upp á kvenhöndina og átt auðvelt með að komast í ástarsamband við konur. Kvað vitnið Jóhannes Halldór hafa verið gjörseneyddan því að sýna af sér árásarhneigð. Hefði hann forðast átök, en hins vegar getað verið orðhvatur með vini. Þeir sem þekktu hann hefðu vitað að þetta var grín, en því hefði getað verið illa tekið af þeim, sem ekki þekktu hann.

Vitnið Einar Jóhann Gíslason, Þingholtsstræti 14, Reykjavík, kvaðst hafa kynnst Jóhannesi Halldóri fyrir um 20 árum. Ræðst Jóhannes Halldór í vinnu til vitnisins árið 1982 og starfaði þar til dauðadags. Hefði hann verið sérstaklega vel liðinn í vinnu. Kvað vitnið Jóhannes Halldór hafa verið mjög ljúfan með vini eins og hann hefði reyndar ávallt verið. Kvaðst vitnið ekki geta ímyndað sér að hann hefði nokkurn tíma lagt hendur á

annan mann. Til marks um það kvað vitnið Jóhannes Halldór eitt sinn hafa verið illilega barinn af kunningja sínum. Hefði hann ekkert reynt að verja sig og faðir vitnisins fundið að slíkum aumingjaskap. Vitnið kvað af og frá að Jóhannes Halldór hefði haft hina minnstu tilhneigingu til samkynhneigðar. Taldi það að hann væri sá síðasti maður sem vitnið þekkti sem það gæti trúað slíku upp á. Þvert á móti hefði Jóhannes Halldór verið mikill kvennamaður.

Vitnið Jóhann Unnar Guðmundsson, Írabakka 26, Reykjavík, kvaðst hafa kynnst Jóhannesi Halldóri fyrir 4 árum. Hefði þeim strax orðið vel til vana. Lýsti vitnið Jóhannesi Halldóri sem hlédrægum manni sem hefði verið sannur vinur vana sinna. Hefði hann verið þægilegur og skemmtilegur í umgengni og allt viljað gera fyrir vini sína og samstarfsmenn. Hefði hann verið mjög ábyggilegur og heiðarlegur og einstaklega umhyggjusamur um hag annarra. Hefði Jóhannes Halldór verið hið mesta þrúðmenni er hann neytti áfengis sem og daglega. Hefði hann verið talsvert upp á kvenhöndina og vinsæll hjá konum. Vitnið kvað af og frá að það hefði orðið vart samkynhneigðar hjá Jóhannesi Halldóri og væri hann sá maður sem vitnið ætti hvað erfiðast með að trúa slíku upp á af þeim sem vitnið þekkti. Kvað vitnið Jóhannes Halldór hafa verið algjörlega lausan við að stofna til illdeilna eða átaka og hann forðast slíkt. Hefði maður eitt sinn ráðist á Jóhannes Halldór og barið hann talsvert en Jóhannes Halldór hefði ekki einu sinni reynt að verja sig.

Vitnið Ásmundur Örn Guðjónsson, Flyðrugranda 16, Reykjavík, kvaðst hafa kynnst Jóhannesi Halldóri árið 1983. Hefðu þeir orðið góðir vinir. Hefði Jóhannes Halldór verið þrúður og ljúfur í allri framkomu, bæði á vinnustað og í einkalífi, ölvaður eða óölvaður. Vitnið kvaðst ekki hafa neina trú á að með honum hefði bærst hinn minnsti vottur af samkynhneigð. Taldi vitnið hann hins vegar hafa verið mjög hneigðan til kvenna. Kvaðst vitnið hafa vitað til þess að hann hefði haldið við konu, sem átti heima skammt frá vitninu, og það samband staðið í ár eða lengur. Hefði vitnið oft hitt Jóhannes Halldór og konuna þarna í nágrenninu. Vitnið kvað Jóhannes Halldór hafa verið afskaplega friðsaman mann og ólíklegan til að stofna til handalög mála.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi. Annaðist hana Hannes Pétursson, yfirlæknir á geðdeild Borgarspítalans. Í niðurlagi skýrslu yfirlæknisins segir svo:

„GEDSKODUN:

Undirritaður átti þess kost að ræða stuttlega við Svan að kvöldi laugardagsins 7.11. sl. Svanur var þá undir verulegum áfengisáhrifum og var dálítið hortugur og krefjandi. Frásögn hans þá var í aðalatriðum í samræmi

við það sem síðar hefur komið fram við yfirheyrslur, en dálitils ósamræmis gætti um nokkra þætti. Á meðan á geðrannsókninni stóð var Svanur hins vegar fremur hlédrægur, en jákvæður og samvinnufús í viðtölum. Tjáning hans og tal voru innan eðlilegra marka og tilfinningaviðbrögð í samræmi við umræðuefni hverju sinni. Geðslag hans einkenndist nokkuð af spennu, einkum fyrst framan af. Svanur var spurður um það hvort hann teldi að verknaður sá er hann er nú grunaður um gæti hafa skeð ef hann hefði verið edrú. „Ég get ekki ímyndað mér það, nema þá í sjálfsvörn til að verja líf mitt.“ „Ég tel mig vera rólyndismann, ég get ekki útskýrt þetta, varð fyrir sambandsleysi.“ Aðspurður kvaðst Svanur fyrir löngu síðan hafa gert sér grein fyrir því að hann hefði „ofnæmi fyrir áfengi og töflum“ og jafnframt að hann teldi sig geta hætt áfengis- og lyfjaofneyslu með meðferð og stuðningi. Aðspurður telur hann enga spurningu um það að hann verði að hætta áfengis- og lyfjaneyslu. „Ég fæ stundum skyndilega löngun í lyf, og eitt rauðvínsglas getur startað álíka miklu rugli og ég var í núna síðast.“

Við geðskoðunina greindust ekki einkenni svo sem ofskynjanir, haldvillur eða sérviskulegur hugsunarháttur, sem bent gætu til meiriháttar geðveiki. Ekki varð heldur vart einkenna um árátthugsanir, en eins og að framan greinir var Svanur á stundum í viðtölum fremur spennur og kviðinn. Minni Svans, svo og dómgreind hans og hæfileiki til afstæðrar hugsunar og einbeiting, virtist innan eðlilegra marka og hann var fyllilega áttaður.

ÁLYKTUN:

Að mínu áliti er Svanur Elí Elíasson ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskortí. Hins vegar greinast merki um persónuleikatrufnanir, skapgerðarbresti ásamt einkennum taugaveiklunar. Auk þess er ljóst að Svanur hefur um margra ára bil átt við að stríða áfengissýki og lyfjafíkn. Hann hefur margsinnis frá árinu 1979 verið til meðferðar á meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga, en með takmörkuðum árangri. Framangreindar persónuleikatrufnanir hafa m.a. komið fram í skapgerðarbrestum, erfiðleikum í mannlegum tjáskiptum, áfengis- og lyfjafíkn og óreglulegri skóla- og atvinnusókn.

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim er Svanur er nú grunaður um, þá vega sennilega þýngst framangreindir skapgerðargallar samfara alvarlegri áfengissýki og lyfjafíkn. Svanur lýsti því að honum hafi orðið mjög hverft við þegar hinn látni hafi leitað á sig kynferðislega og viðbrögð hans orðið mjög snögg. „Ég trylltist, var alveg úr sambandi, alveg dómgreindarlaus, það var svo mikil heift í mér.“ Kvaðst hann ekki hafa rankað við sér fyrr en nokkrum mínútum síðar. Af þessu virðist líklegast að nánasta orsök umrædds atviks hafi verið skyndilegur missir sjálfstjórnar undir miklum áfengisáhrifum.

Ekki er ljóst hvort þau taugaveiklunareinkenni sem Svanur hefur haft á undanförunum árum hafi alla tíð verið til staðar eða hvort þau eru fremur afleiðing langvarandi áfengissýki og lyfjafiknar. Þær persónuleikatruffanir sem hér um ræðir eru ekki læknanlegar í eiginlegum skilningi þess orðs, en með aldrinum dregur þó stundum úr slíkum vandkvæðum í mörgum tilvikum. Svani er nauðsynlegt að halda sig framvegis alfarið frá neyslu áfengis og misnotkun lyfja. Ennfremur er þýðingarmikið að hann reyni að sporna gegn framangreindum erfiðleikum með því að efla stöðugleika í lífi sínu, t.d. með bættri atvinnusókn og því um líku. Þó líklegt megi teljast að dómgreind Svans hafi verið sljógvud vegna mikillar ölvunar þegar framangreindur atburður átti sér stað, þá verður þó að álykta að raunveruleikamat og dómgreind Svans Elí Elíassonar sé annars með þeim hætti að hann teljist sakhæfur.“

Þá lagði Heiðdís Sigurðardóttir sálfræðingur eftirfarandi sálfræðipróf fyrir ákærða: Greindarpróf Wechslers fyrir fullorðna, standard-útgáfu Raven-prófsins og persónuleikapróf MMPI og EPQ. Samkvæmt niðurstöðu úr greindarprófi Wechslers mældist greindarvísitala munnlega hlutans 108 og verklega hlutans 111. Mældist greindarvísitala alls prófsins því 110, sem er í góðu meðallagi (góð meðalgreind er frá 110 til 119). Niðurstöður úr Raven-prófi studdu framangreindar niðurstöður um greind í góðu meðallagi. Samkvæmt niðurstöðum MMPI persónuleikaprófsins gáfu þær vísbendingu um langvarandi (chronic) persónuleikatruffanir. Voru áberandi einkenni kviða og spennu. Nokkur einkenni þunglyndis og geðvillu (psychopathiu) komu fram, en þó ekki eins sterk. Í niðurstöðum úr EPQ persónuleikaprófinu komu ekki fram tilhneigingar til að gefa af sér fegraða mynd, en mjög áberandi voru sterk einkenni kviða og taugaveiklunar.

Sérfræðingar þessir hafa báðir komið fyrir dóminn og staðfest þessi verk sín og útskýrt.

Þá hafa ritað vottorð um afskipti sín af áfengis- og lyfjameðferð ákærða og andlega hagi hans þeir Jóhannes Bergsveinsson, yfirlæknir á Landspítala Íslands, og Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á sjúkrastöðinni Vog. Þá hafa lækarnir og komið fyrir dóminn. Þykir vætti þeirra eigi haggja niðurstöðu Hannesar Péturssonar um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða.

Nokkur rannsókn hefur farið fram á svonefndri rennilykkju sem var á hálsbindi Jóhannesar Halldórs, hert um háls hans. Á hálsbindinu var einnig venjulegur bindishnútur, og var hann fyrir neðan rennilykkjuna. Samkvæmt rannsóknargögnum málsins er þarna um tvo sjálfstæða hnúta að ræða. Samkvæmt vætti rannsóknarlögreglumannanna Bjarna Jóhanns Bogasonar, Bjarnþórs Aðalsteinssonar og Ragnars Vignis er mögulegt að hnúta umrædda rennilykkju án þess að leysa upp bindishnútin, með bindið vafið um háls manni og hugsanlegt að það geti orðið í átökum. Nefndur

Bjarni Jóhann Bogason hefur jafnframt sýnt fram á þetta með teikningum sem hann hefur samið skýringar við. Að mati dómsins er útilokað að lykkja þessi hafi verið hluti af fyrrgreindum bindishnút.

Niðurstöður.

Ákærði er einn til frásagnar um það sem gerðist umrædda nótt. Kveðst ákærði þá hafa verið undir verulegum áhrifum áfengis og lyfja og ýmislegt óljóst í framburði hans. Hefur hann ekki getað gefið skýringu á ýmsum mikilvægum atriðum sem komið hafa fram við rannsókn og meðferð málsins, svo sem hvernig umrædd rennilykkja varð til, af hvaða völdum höggvið sár var á höfði líks Jóhannesar Halldórs, mar var á höfði þess ofan við hægri augabrún og á nefi, blóðblettir voru á báðum buxaskálmum þess og sokk, en engir áverkar voru á ákærða, og af hverju breiðari hluti hálsbindisins fyrir neðan bindishnútin hafði verið hlutaður frá. Ákærði hefur þó borið að enginn hafi komið inn í herbergið frá því þeir Jóhannes Halldór fóru þar inn uns vitnið Reynir Lárusson kom þar um kl. 17:30 sama dag.

Ákærði hefur lýst átökum þeirra Jóhannesar Halldórs á þann veg að þeir hafi einungis tekið um fót hvor annars á gólfi herbergisins, en engin „hnefahögg eða kýlingar“ hafi átt sér stað. Er þessi frásögn ákærða í miklu ósamræmi við áverka þá sem voru á líki Jóhannesar Halldórs.

Ákærði skýrði svo frá í upphafi yfirheyrslna að þeir Jóhannes Halldór hefðu orðið sundurorða greinda nótt og lent í áflogum í framhaldi af því. Ákærði hvarf frá þessum framburði þegar í sömu yfirheyrslu og hefur upp frá því borið, að Jóhannes Halldór hafi leitað á sig kynferðislega, eftir að þeir hafi lagst til svefns alklaðdir, hvor í sitt rúmið. Hafi ákærði tryllst við þetta og komið til átaka milli þeirra og í þeim hafi honum „hugkvæmst“ að „svæfa“ Jóhannes Halldór með því að herða hálsbindi hins síðarnefnda að hálsi hans. Ekkert í gögnum málsins þykir styðja þennan framburð ákærða. Er Jóhannes Halldór fannst látinn í herberginu var hann klæddur í sokka, nærbuxur, síðbuxur og skyrtu. Fjögur vitni sem þekktu Jóhannes Halldór mjög vel hafa einnig staðhæft að hann hafi aldrei sýnt nein merki samkynhneigðar, heldur hafi hann verið mikið upp á kvenhöndina. Þykir því eigi vera á þessum framburði ákærða byggjandi. Er það álit dómsins að óljóst sé um upptök átaka þeirra sem áttu sér stað milli ákærða og Jóhannesar Halldórs. Sýnt þykir þó af ummerkjum að mótspyrna hins síðarnefnda hafi verið lítil.

Samkvæmt niðurstöðu réttarkrufningar var Jóhannes Halldór kyrktur og dánarorsök hans köfnun. Ákærði hefur játað að hafa greint sinn hert hálsbindi Jóhannesar Halldórs af miklu afli að hálsi hans. Er sá framburður ákærða í samræmi við áverka á hálsi Jóhannesar Halldórs eftir hálsbindið

sem hert var að hálsi hans, en það markaði djúpt far, 0,7 cm, um allan hringferilinn.

Samkvæmt framansögðu telst sannað með framburði ákærða, niðurstöðu réttarkrufningar og ummerkjum á vettvangi, að ákærði hafi orðið Jóhannesi Halldóri Péturssyni að bana aðfaranótt 7. nóvember sl. með því að herða hálsbindi Jóhannesar Halldórs með sérstaklega útbúnni rennilykkju, sem eigi þykir geta hafa orðið til nema fyrir tilverknað ákærða, að hálsi Jóhannesar Halldórs með þeim afleiðingum að hann kafnaði, en eigi þykir fyllilega ljóst hvort þetta gerðist í átökunum eða eftir þau. Þykir þessi verknaður ákærða varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði, sem að mati dómsins er sakhæfur, sætt eftirtöldum refsisdómum:

- 1978 3/2 45 daga varðhald skilorðsbundið í 2 ár og 200.000 kr. sekt fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga, 25. gr., 26. gr. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi í 2 ár frá 16.5. 1977.
- 1979 14/11 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1980 27/2 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga. Hegningarauki.
- 1981 18/3 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.
- 1981 10/6 Sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga. Ekki gerð refsing.
- 1982 17/3 45 daga fangelsi fyrir brot gegn 149. og 155. gr. hegningarlaga.
- 1982 4/11 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1983 6/7 45 daga varðhald fyrir brot gegn 245. gr. hegningarlaga.
- 1985 16/12 9 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1987 20/5 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 248. gr. hegningarlaga.

Þá hefur ákærði 5 sinnum sæst á sektargreiðslu vegna ölvunar á almannaþæri og hinn 26. nóvember 1976 var ákæru frestað skilorðsbundið 2 ár á hendur ákærða vegna þjófnaðar og nytjastuldar. Að lokum hefur ákærði tvívegis hlotið reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, í fyrra skiptið 1. febrúar 1984 á 45 dögum og hið síðara hinn 10. júní 1987, en þann dag var honum veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum 85 daga refsingar. Ber samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 að ákveða refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um, svo og með hliðsjón af hinni 85 daga óloknu refsivist sem að framan getur, sbr.

60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. s.l. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 ára fangelsi. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga skal gæsluvarðhald ákærða, sem hann hefur setið í óslitið frá 8. nóvember sl. til dagsins í dag, alls 165 dagar, koma til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, þar með talin saksóknarlaun, 75.000 krónur, er renni í rikissjóð, og réttargæslubóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Svanur Eli Elíasson, sæti fangelsi 10 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 8. nóvember 1987 til 20. apríl 1988, samtals 165 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til rikissjóðs, 75.000 krónur, og réttargæslubóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.